

Ævintýravegurinn

Ferðamannavegir og – leiðir á Íslandi

Almennt er talað um það hér á landi að vegir sem opna aðgengi að helstu ferðamannastöðum og vegir innan þjóðgarða og friðlýstra svæða séu ferðamannaleiðir. Ferðamannaleiðir, sem stundum eru kallaðar brúnskiltaleiðir, hafa þó ekki verið skilgreindar á Íslandi.

Áður en farið er af stað með framkvæmd ferðamannaleiða þarf að rýna heimildir, læra af mistökum og því sem hefur tekist vel í öðrum löndum og gera áætlanir.

Meginmarkmið verkefnisins er að þróa aðferðafræði fyrir val ferðamannaleiða, þar sem tekið er tillit til þolmarka umhverfisins.

Markmið með ferðamannaleið er m.a. að:

Beina umferð stigvaxandi fjölda ferðamanna á staði sem hafa verið undirbúnir þannig að þeir geti tekið við ferðamannafjölda, án verulegra neikvæðra umhverfisáhrifa.

Auka öryggi ferðamanna og auðvelda störf björgunaraðila.

Rannsóknarspurningar:

Hvaða aðferðir hafa aðrar þjóðir notað við gerð ferðamannaleiða?

Hvaða þjóðvegir hafa eiginleika sem gera þá að heppilegum ferðamannaleiðum?

Hvert vilja ferðamálayfirvöld beina ferðamönnum?

Er mögulegt að skilgreina aðferðafræði fyrir vali ferðamannaleiða, áningarstaða og nýrra viðkomustaða á leiðunum?

þarf að bæta þjónustu, lagfæra aðstöðu við og/eða öryggi valdra þjóðvega áður en þeir geta flokkast til ferðamannaleiða?

Eru umhverfisþættir sem þarf að stýra og / eða vakta við rekstur leiðanna?